

Gjaldskrá þessi, sem samin er og samþykkt af stjórn Orkubús Vestfjarða og sett er samkvæmt lögum nr. 66 31. maí 1976, er hér með staðfest til að öðlast gildi 1. janúar 1993, og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis nr. 509, 23. október 1991.

*Iðnaðarráðuneytið, 28. maí 1993.*

F. h. r.

**Björn Friðfinnsson.**

*Steinunn Bjarman.*

## SAMÞYKKT

**um breytingu á samþykkt um afgreiðslutíma verslana í Hafnarfirði  
nr. 40/1984.**

1. gr.

3. gr. samþykktarinnar orðist svo:

Heimilt er að hafa sölustaði opna á helgidögum og hátíðisdögum nema á föstudaginn langa, páskadag, hvítasunnudag og jóladag og eftir kl. 6 á aðfangadagskvöld jóla.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Hafnarfjarðar hefur gert með heimild í 1. gr. laga nr. 17, 1. febrúar 1936, um samþykktir um lokunartíma sölubúða, staðfestist hér með samkvæmt 3. gr. sömu laga til að öðlast gildi þegar í stað, þó með þeim takmörkunum sem lög nr. 45, 15. júní 1926, um almannafríð á helgidögum þjóðkirkjunnar setja.

*Félagsmálaráðuneytið, 3. júní 1993.*

F. h. r.

**Húnbogi Þorsteinsson.**

*Sesselja Árnadóttir.*

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 38, 31. janúar 1991, um möskvastærðir í  
togvörpum, möskvamæla og mæliaðferðir.**

1. gr.

2. mgr. 13. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Við veiðar á úthafs-rækju, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar nr. 351, 24. september 1992 um veiðisvæði við úthafs-rækjuveiðar, er heimilt að binda fyrir hlífðarpoka að aftan, sbr. 1. mgr. Sama gildir þegar veiðar eru stundaðar á rækju á Breiðafirði samkvæmt sérstökum veiðileyfum.